


MONITOR



FRÍTT
EINTAK

Þetta kallar á
Carlsberg



Finndu Iceland Express
á Facebook og taktu þátt í
ferðaleik Monitors og
Iceland Express, þú gætir
unnið flugmiða og
miða í partyið!



MÚSÍKPARTY Í KÖÖBEN

27.–29. janúar

Helgardjamm í Köben með Jóni Jónssyni og hljómsveit!

Partyið verður í Bryggen sem er í göngufæri frá hótelinu

Bókaðu núna á www.expressferdir.is

Verð á mann í tvíbýli:
54.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 2 nætur
á Wake Up Copenhagen og aðgöngumiði í Bryggen



Dikta:
3.–5. febrúar



Soggi Hlö:
17.–19. febrúar



Friðrik Dór og Steindí, jr.:
24.–26. febrúar




Nánari upplýsingar
á expressferdir.is
eða í síma 5 900 100

Express ferðir 
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Þetta er ekkert flókið þessa vikuna. Áfram Ísland.

Myndirnar sitthvorum

megin við hjartað



ÓLAFUR DARRI Á 30 SEKUNDUM

Fyrstu sex: 030373.
Upphaldsstaður í heiminum: Vestfirðir.
Upphaldssælgæti: Súkkulaði.
Æskuátrúnaðargóð: Duran Duran.
Versta kvikmynd sem ég hef séð: Teen Wolf 2 skýst upp í kollinn á mér, ekki það að ég haldi að Teen Wolf 1 sé mikið betri.

Mynd/Góli

Ólafur Darri Ólafsson leikur í tekjuhæstu mynd síðustu helgar vestanhafs, Contraband, í leikstjórn Baltasars Kormáks. Hann lék líka í íslensku gerð myndarinnar, Reykjavík-Rotterdam, og segir hann Wahlberg fyrirmyndarmann.

„Það er kannski pínulítið kvikindislegt að spyrja svona,“ svarar Ólafur Darri Ólafsson, leikari, og hlær þegar hann er spurður hvort hin íslenska Reykjavík-Rotterdam eða Hollywood-endurgerðin Contraband standi honum nærri hjarta. Leikarinn geðþekki fer með hlutverk í báðum myndunum. „Þessu er erfitt að svara af því að eðlilega hafði maður aldrei grun um það þegar maður lék í Reykjavík-Rotterdam að maður myndi nokkurn tímann leika í einhverri endurgerð á ensku með Balta sem leikstjóra. Reykjavík-Rotterdam-ferlið var fyrsta skiptið í langan tíma sem við Balti lékum saman, hann hafði aðallega leikstýrt mér, svo að því leyti þótti mér mjög vænt um þá mynd. Auðvitað var samt líka ótrúlega spennandi að fara að leika í bíómynd í New Orleans, leika á ensku og svo framvegis. Ég held að ég geti ekki gert upp á milli enda er þetta náttúrulega alveg sitthvor myndin. Þótt Contraband sé endurgerð þá er hún alveg sér bíómynd.“

Ætli þær séu ekki bara jafnnærri hjartanu en bara sitthvorum megin? Það er líklega besta svarið. „En hver er helsti munurinn á því að leika í kvikmynd ytra og að leika í kvikmynd á hinu litla Íslandi?“

„Munurinn felst fyrst og fremst í aðbúnaði og þeim fjármunum sem menn hafa yfir að ráða. Allt annað hérlendis jafnast í raun á við það sem gert er úti. Það á við um leikstjórn, leik, handrita-skrif, vinnubrögð, „krúíð“ og allt. Eini munurinn er eiginlega hversu mikið fólk fær borgað, þetta er ekki mikið flóknara en það.“

Wahlberg er fyrirmyndarmaður

Eins og venja er á Íslandi er nauðsynlegt að fá umsögn Ólafs Darra um stórleikarann Mark Wahlberg. „Við mig var hann afskaplega kurteis, almennilegur og bara algjör fyrirmyndarmaður,“ er svarið en nánast allar senur myndarinnar sem Ólafur Darri leikur í innihalda einnig Wahlberg.


Þegar blaðamaður náði tali af leikaranum var hann yfir sig spenntur yfir að sjá Contraband en hann var á leiðinni á forsyningu síðar það kvöld. Hann sagðist ekki kvíðinn, þótt hann hefði ekki hugmynd hvort allar senurnar hans hafi haldist inni í lokaútgáfu myndarinnar. „Ég hef ekki hugmynd um það en ég veit að mér bregður allavega fyrir í henni. Ég er alveg bjartsýnn á að ég sé eitthvað í myndinni en ég er náttúrulega í litlu hlutverki og vissi það frá upphafi. Aðallega hlakka ég til að sjá myndina og hvet fólk til að gera slíkt hið sama. Ég hlakka til að sjá verkið hans Balta og vinnuna hennar Elísabetar (Ronaldsdóttur),“ en sú síðarnefnda klippti myndina. Að Contraband undanskilinni munu landsmenn næst berja Ólaf Darra augum í kvikmyndinni Djúppinu, sem Baltasar Kormákur leikstýrir einnig, en hún verður frumsýnd á fyrri hluta ársins.

elg

Monitor mælir með

Á NETINU

Heimasíðan einstein.is er stórsniðug síða fyrir tölvu- og græju-áhugamenn. Þar er að finna fréttir um tæki svo sem iPod, iPad, MacBook og Android síma svo eitthvað sé nefnt. Fréttirnar hafa iðulega að geyma góð ráð sem gera notendum kleift að fá sem mest út úr fínu tækjunum og tölvunum sínum.



FYRIR NÁMSMENN



Nú stendur yfir leit að skipulagðasta námsmanni landsins. Skipulagðir námsmenn eru því hvattir til að skella sér inn á Facebook-síðu

Námunnar og kynna sér leikreglur en sá sem sýnir mestu skipulags-hæfileikana fær iPad 2 að launum. Þó hefur löngum borgað sig að vera skipulagður, rétt eins og Björgvin Páll.

Í HÁLFLEIK

Maður vex aldrei upp úr því að leika sér í boltaleik og þykjast vera einn af „strákunum okkar“.



Nú eru hins vegar slæmar aðstæður til boltaleiks utandyra og því er tilvalið að spila einfaldlega sokkahandbolta heima í stofu eða frammi á gangi. Nota má einhverjar góðar dyr á heimilinu sem mark en munið bara að passa fínu stofustássin.

Vikan á ...

facebook




Björgvin Páll Gústavsson
 Nú er allt undir! Ísland-Noregur! Wish me luck! ;) 18. janúar kl. 16:45



Logi Geirsson
 Lyfta Sofa Éta EM Lyfta Éta Sofa þetta er ekki flókið líf... 18. janúar kl. 16:26



Maggi Mix
 Fór í sund skellti mér í pottinn drullu kaldur potturinn enda kallt í veðri. Sá feitan mann sem rann á klaka öskraði hátt. Er mikið að spila og skemmta þessa dagana enda ylla frægur gvutti. Tjá Tjá Mixarinn á stj. 18. janúar kl. 13:48



Thorunn Antonia Magnúsdóttir
 Af hverju vill enginn koma með mér í hot yoga?? Fer alveg að fara að taka þetta persónulega.. 17. janúar kl. 3:47

Feitast í blaðinu

Kristján Sturla er á leið til Kaupmannahafnar í lok mánaðarins að spila tónlist. >>>4

Jóhanna Björg bjó sér til draumastarfið sitt sjálf og ritstýrir nú **Nude magazine**. >>>6

Björgvin Páll Gústavsson dúxaði bakarann og vill ekki raka af sér þíkutryllinn. >>>8

Strákarnir okkar eru flottir í tainu eins og **Stillinn** fékk að kynna. >>>12

Kristmundi Axel fannst óþægilegt að vera í þröngum buxum í **Evróvisjón**. >>>14

Efst í huga Monitor Salt í lagi?

Mamma hringdi í mig í gær og bauð mér að koma heim í grjóngraut og slátur. Ég var náttúrulega alveg uppi með mér og fylltist tilhlökkun þar sem ég sá fyrir mér einn af mínum upphaldsréttum á borðinu heima í foreldrahúsinum. Ég vissi líka að það yrði enginn matur á boðstólnum heima hjá mér sökum anna heimilisfólksins. Ég segi samt við mömmu að það væri mögulegt að ég yrði upptekinn og kæmist ekki í matinn. Því hefði ég betur sleppt því það kom á daginn að eftir fótboltaæfingu þurfti ég að sinna ákveðnum erindum og var ekki klár í slaginn fyrr en um níu. Þá vippaði ég upp símanum og hringdi í múttu en viti menn, grauturinn var búinn.

Ég var þá kominn í gríðarlegt grjóngrautsstuð svo ég skaut í Hagkaup í Garðabæ til að ná mér í eitt stykki MS-grjóngraut. Hann er nefnilega ljúffengur mjög þó svo að einfalt sé að framreiða hann. En eftir að hafa labbað fram og til baka í mjólkurvörinum í rúmar



sjó mínútur án þess að reka augun í grautinn góða þá spurðist ég fyrir um hvar hann væri að finna. Afgreiðslumaðurinn horfði á mig og sagði: „Er ekki allt í lagi? Halló. Wake up. Það er búið að innkalla hann því hann inniheldur iðnaðarsalt“ (hann reyndar sagði þetta ekki heldur benti mér á skilti með upplýsingunum. Sagan er betri svona). Þá sagði ég bara: „Saltu kjäfti, drengur. Er ekki salt í lagi heima hjá þér“ (ég sagði þetta ekki heldur en var vissulega vonsvikinn. Fékk mér reyndar 1944 graut í staðinn. Hann var fínn).

En ég vona heitt og innilega að ykkar upphaldsvörur hafi ekki verið innkallaðar sökum iðnaðarsaltsins. Svo eru þeir víst að fara að innkalla töluvert af lykklaborðum því að mörg innihalda svokallað iðnaðaralt og slíkir takkar eru víst hættulegir. Vá, hvað þessi var slakur.

Eru ekki allir slakir? Jónsson

OLSEN-BRÆÐUR ALLTAF TIL STAÐAR

Fyrsta nafnið sem treður upp á tónleikaröðinni **Músípartý,** er Jón Jónsson. **Monitor** heyrði í **Kristjáni Sturlu Bjarnasyni,** hljómborðsleikara, fyrir komandi tónleika í kóngsins Köben.

Hvað hyggist þið gera í Kaupmannahöfn fyrir utan það að halda tryllta tónleika?
Við munum að sjálfsögðu nýta ferðina í smá hópefli. Við förum trúlega út að borða, skoðum Kaupmannahöfn og skemmtum okkur.

Segjum sem svo að það myndi mæta hellingur af Dönnum á tónleikana, hvaða lag úr ykkar lagalista heldur þú að myndi höfða best til þeirra?
Ég hugsa að það væri Sunny Day in June því það er alltaf sól í júnímánuði í Danmörku.

Má búast við því að þið leikið danska slagara eins

og „Vi er røde, vi er hvide“ og „Fly on the Wings of Love“ á tónleikunum?

Það er aldrei að vita. Það hefur ekki verið rætt enn en verður hugsanlega rætt á næsta hljómsveitarfundum. Það gæti alveg verið að það laumist inn eitt og eitt danskt viðlag, eins og til dæmis úr laginu Papirsklip með Kim Larsen.

Ef Olsen-bræðurnir sjálfir byðu fram krafta sína á tónleikunum, mynduð þið leyfa þeim að syngja eitt af lögnum á prógramminu ykkar? Ef já, hvaða lag?
Það yrði klárlega Always Gonna Be There af því þeir eru alltaf til staðar hvor fyrir annan.

Hvað er framundan hjá hljómsveitinni á árinu 2012? Er forsprakkinn búinn að semja nýtt efni?

Já, hann er búinn að semja eitthvað af nýju efni svo það eru hugsanlega upptökur á næstu mánuðum. Ég vona bara að við getum gefið eitthvað meira efni út sem allra fyrst.

Hvort kannst þú persónulega betur við að spila á góðum tónleikum eða að taka upp gott efni í hljóðveri?

Ég hugsa að það sé skemmtilegast að spila á góðum tónleikum og fara svo í stúdíóið eftir tónleikana.

elg

KRISTJÁN STURLA Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 170185.

Uppáhaldsskyndibiti: Hamborgari.

Uppáhaldslitur í Trivial Pursuit:
Bleikur.

Uppáhaldsfyrirbæri frá Danmörku:
Lego.

Æskuátrúnaðargoð: Indiana Jones.

MÚSÍPARTÝ Í KAUPINHAFN

Tónleikaröðin **Músípartý** fer af stað helgina **27. – 29. janúar** í Kaupmannahöfn. **MonitorTV** verður að sjálfsögðu á staðnum til fanga stemninguna og munu myndskreiðin birtast á **mbl.is** í kjölfarið. Dagskrá tónleikaraðarinnar er eftirfarandi:

27. – 29. janúar: Jón Jónsson

3. – 5. febrúar: Dikta

17. – 19. febrúar: Siggí Hlö.

24. – 26. febrúar: Friðrik Dór og Steindi

Tónleikarnir fara fram í Bryggen á laugardagskvöldum hverrar helgar.

SAMSUNG

Skemmtu
þér með
félögunum.

Samsung
GALAXY Tab 
Allt það góða sem lífið hefur upp á að bjóða.

Söluáttar um land án



Pínu umbrotsperri

Jóhanna Björg Christensen er ritstjóri og stofnandi veftímaritsins **Nude magazine**. Fyrir rúmum tveimur árum fékk hún þessa flugu í hausinn og setti allt á fullt til að láta drauminn sinn um tískustörf og útlandaferðir rætast.



TÓK ÞÁTT Í GULLEGGINU

Jóhanna Björg tók þátt í hugmyndakeppni Innovit, Gulleggju, árið 2010 og endaði í þriðja sæti keppinnar. „Þetta hjálpaði mér að ýta mér síðasta skrefið. Þau sögðu mér hvað væri gott við hugmyndina og hvað ég þyrfti að bæta. Ég gerði viðskiptaáætlun sem er eitthvað sem ég hefði aldrei gert. Ég í raun tók þetta af meiri alvöru og fór að vinna heimavinnuna mína. Það að lenda í þriðja sæti gaf mér aukinn trúverðugleika og það hjálpar líka helling. Ég mæli hiklaust með Gulleggju.“ Allir geta tekið þátt í keppninni en skilafrestur hugmynda er 22. janúar og mega allir taka þátt. Verðlaunin eru ekki af verri endanum en sigurvegarinn fær peningaverðlaun upp á 1.000.000 króna og ráðgjöf frá Innovit að verðmæti 600.000 krónur. Nánari upplýsingar á www.innovit.is.

Hvenær fæddist hugmyndin að Nude magazine?

Hún fæddist rétt fyrir áramótin í desember 2009. Ég var að vinna sem markaðs- stjóri og var í fæðingarorlofi en fyrirtækið sem ég var að vinna hjá fór á hausinn svo ég fór að leiða hugann að því hvað ég gæti farið að gera. Vinnan sem ég var búin að vera í var orðin svona þægileg innvinnan og ég var ekkert alveg að finna mig þar lengur. Svo ég hugsaði hvað væri það skemmtilegasta í heimi að vinna við og fékk það út að það væri að vinna í tískubransanum með reglulegum ferðum til New York. Þetta sagði ég í gríni við vinkonur mínar á sínum tíma en þetta er akkúrat það sem ég er að gera í dag.

Og þér fannst réttast að redda þessu bara sjálf?

Tískublöðin heilluðu en það var ekkert blað hér á Íslandi sem mig langaði að vera á. Svo ég hugsaði hvort ég ætti að flytja til útlanda til að láta drauminn rætast og eyða mörgum árum í að vinna mig upp. En svo ákvað ég að gera þetta bara sjálf.

Var ekki mikið mál að láta hugmyndina verða að veruleika?

Í raun og veru ekki. Það voru ekki margir sem höfðu trú á mér en þetta tók ekki langan tíma. Fyrsta blaðið var klárt í lok mars 2010 og gefið út í apríl. Þú ert menntaður „multimedia integrator“, ekki satt? Jú, multimedia integrator er samblanda af grafískri hönnun, forritun, þrívíddarhönnun og fleiru og í skólanum lærðum við hvernig má nýta þessa þekkingu og setja hana saman. Netblöð voru ekki til þegar ég lærði þetta en ég útskrifaðist úr tækniháskóla í Danmörku 2002. En með netblaði er ég í raun að hnyta saman alla þessa þætti.

Hefur þú alltaf haft áhuga á tísku?

Ég hafði í raun meiri ástríðu fyrir tímaritum. Ég hef alltaf elskað tímarit og safnað þeim. Ég er í raun svona þínu umbrotsperri (e. layout pervert) og ég fæ ótrúlega mikið út úr því að skoða blöð. Ég hef líka mjög gaman af tísku en tímarita-ástríðan er sterkari.

Er blaðið bara fyrir konur?

Í raun og veru ekki. Auðvitað miðum við blaðið að konum en samkvæmt okkar tölum eru um 30% lesenda karlkyns. Okkur finnst mjög gaman að það séu svona margir strákar að fylgjast með.

Hvað finnst þér fallegt í fari kvenna?

Mér finnst gaman þegar konur hafa sterkan, persónulegan stíl. Sjálfstraust og útgeislun skipta líka máli því ef þú hefur sjálfstraust þá kemur allt hitt. Sterkar konur kann ég vel að meta.

Sumir segja að Internetið sé að taka við af pappírnum. Sérðu fyrir þér að gefa einhvern tímann út Nude á pappír?

Mig langar það en það gæti verið hættulegur bransi að fara inn í. En það væri gaman að gera það og þá myndi ég ekki gera það mánaðarlega því þá yrði það bara kvöð. Ég myndi frekar vilja gefa út lúxus-útgáfur að vori og hausti sem ég gæti dundað mér við og haft alveg fullkomnar. Þar sem umbrotsperri myndi njóta sín í botn.

Af hverju heitir blaðið Nude?

Þetta er liturinn „nude“ sem er upphaldsliturinn minn. Hann er svo hlutlaus og er góður grunnur fyrir sibreytilega tískustrauma. Ég vildi ekki að nafnið tæki yfirhöndina. Auðvitað vissi ég að fólk myndi hugsa um nekt og halda að þetta væri klámblað en það hefur bara hjálpað okkur þó svo að þetta sé alls ekki klámblað. Ég er svo saklaus að ég hélt að fólk myndi fyrst hugsa um litinn (hlær).

Hvar sérðu þig eftir 5 ár?

Ég hef alltaf verið með 5 ára plan en núna hefur allt gerst svo hratt þannig að ég er komin fram úr mínum plönum. Ég er því að reyna að finna út úr því hvar ég verð eftir 5 ár en ég held að við verðum búin að stækka og farin út fyrir landsteinana. Þegar þú ert á Netinu þá eru allir vegir færir.

jrj

Mynd/Ómar


HLEÐSLA | 100%
HÁGÆÐA
ÍPRÓTTADRYKKUR | MYSUPRÓTEIN

**PRÓTEINDRYKKURINN
SEM ÍSLENDINGAR FÁ
ALDREI NÓG AF**



MS.IS

ÍSLENSKA STAJSÍMSA 54035 0112



GOLDEN GLOBE-TEBOW



BRÚDKAUPS-TEBOW



KAMBÓDÍU-TEBOW



ÞESSUM ÞYKIR EKKI HUNDLEIÐINLEGT AÐ „TÍBÓA“



STONEHENGE-TEBOW



PERÚ-TEBOW

Plankið er *dauðt*

Vinsældir ameríska fótoltans og NFL-deildarinnar hafa aukist frá ári til árs hérlendis. Leikmaðurinn **Tim Tebow** hefur trúlega verið umtalaðasti leikmaður tímabilsins en **Monitor** skoðaði nýjasta æðið vestanhafs sem kennt er við þennan skrautlega leikmann.

Fyrir þetta leiktímabil NFL-deildarinnar var Tim Tebow varamaður í liði Denver Broncos. Með ævintýrlegum innkomum vann hann sér inn byrjunarlióssæti sem aðalleikstjórnandi liðsins og þakkaði hann frelsaranum sjálfum fyrir í hvívetna. Þegar velgengi hans varð hvað ótrúlegust töldu menn að ekkert annað kæmi til greina en að Jesús Kristus væri í raun og veru á bak við leikmanninn. Í kjölfar fjölmiðlafársins í kringum Tebow varð bænastelling leikmannsins eitt af aðalsmerkjum hans og þegar aðdáendur leikmannsins byrjuðu að deila myndum af sér í bænastellingunni á Facebook varð það samstundis æði sem svipar að mörgu leyti til plankins sem skók heiminn í sumar. Æðið er kallað „Tebowing“ eða „to Tebow“ (ísl. að „Tíbóa“) og er aðalmiðstöð þess síðan tebowing.com þar sem sjá má fjöldann allan af myndum af fólki að Tíbóa úti um allan heim.



TIM TEBOW

Fæddur: 14. ágúst 1987 í Makati-borg, Filippseyjum.

Hæð: 191 cm.

Þyngd: 111 kg.

Þrjár staðreyndir:

- Er strangtrúaður evangelisti og hefur meðal annars ferðast um Bandaríkin til að fræða samlanda sína um trúna í skólum og fangelsum.
- Nú standa yfir byggingarfrákvæmdir á sérstökum barnaspítala í Filippseyjum sem samtök leikmannsins, Tebow Foundation, og barnahjálpsamtökin CURE standa fyrir. Framkvæmdunum á að ljúka á næsta ári.
- Á dögunum skrifaði sjálf Lady Gaga á Twitter: „Ég held með New York Giants en vá! #Tebow Svona líta sigurvegarar út.“

MADONNA TREDUR UPP Á SUPERBOWL

Á sunnudaginn næstkomandi fara fram eiginleg undanúrslit NFL þegar Baltimore Ravens og New England Patriots mætast í úrslitum AFC-deildarinnar og New York Giants og San Francisco 49ers mætast í úrslitum NFC-deildarinnar. Sjálf Ofurskálin (e. Superbowl) fer fram í Indianapolis þann 5. febrúar næstkomandi og fellur það í hlut poppdrottningarinnar Madonna að skemmta í hálfleik.



Allir vilja gott sæti !

Áfram Ísland !



Gullið tækifaeri
fyrir betra sæti !

Láttu þér líða vel
fyrir framan EM !

Hægindastóll
kr. 37.900,-

Komdu
núna

Milano ekta hægindastóll
á frábæru EM tilboði !

Til í 4 litum:



Hvítur

Latte

Svartur

Brúnn

OPIÐ

Virka daga frá kl. 10-18

Lau frá kl. 11-18

Sun frá kl. 13-18



DORMA

- býður góða nótt

Holtagörðum • Sími 512 6800 • www.dorma.is

Pöntunarsími


☎ 512 6800

eða dorma.is

Þakkar fyrir gagnrýnina

Björgvin Páll Gústavsson segist svo bilaður í hausnum að í hvert sinn sem hann fær hugmynd þarf hann að tækla hana strax. Hann sagði **Monitor** frá ofvirkninni í æsku, fullkomnunaráráttunni og skýringunni á „píkutryllinum“.





viðtalið

svo sem farið út í öfgar. Í dag er ég að fara að hitta fullt af fólki og er þá með daginn rækilega skipulagðan en þá liggur við að planið nái líka yfir hvað við konan eigum að borða saman í kvöld og hvaða mynd við ætlum að horfa á. Það er mikilvægt að vera skipulagður, ég tala nú ekki um þegar kemur að verkefnum eins og að ætla að verða besti markmaður heims.

Þið Logi Geirs vöktuð mikla athygli á sínum tíma þegar þið kynntuð hárgelslínuna Silver á markaði. Nú varst þú síðan að stofna nýtt fyrirtæki, SportElítuna. Ert þú algjör viðskiptajöfur?

Ég myndi ekki segja það, allavega ekki ennþá. Silver-dæmið byrjaði náttúrulega bara í gríni. Það grín breyttist

í viðskiptahugmynd á fimm mínútum og þá vaknaði skipulagsfríkið og viðskiptagæinn í mér og við settum þetta á laggirnar og það er orðið frábært fyrirtæki í dag. Nýjasta hugmyndin, SportElítan, er eitthvað sem stendur mér í raun enn nærri því hún er íþróttatengd. Þetta er fjarþjálfun, sem er framtíðin í stað einkaþjálfunar sem er rándýr, og grunnþælingin er bara að hjálpa fólkinu í landinu, hvort sem það er að hugsa um að koma sér í form eða ná langt í sinni íþrótt. Það hefur verið frábært að fá svona magnaðan hóp með sér í lið og svona geggiuð viðbrögð.

Er fleira á teikniborðinu?

Ásamt kaffihúshugmyndinni þá hefur mig langað að

koma einhverju af stað tengdu ADHD. Þótt ég hafi aldrei verið greindur formlega með ADHD né athyglisbrest þá hefur mér verið sagt það í seinni tíð að líklega hafi ég glímt við það svo mig langar að miðla minni reynslu í gegnum einhvern skóla eða slíkt. Ef börn eru rétt meðhöndluð þegar kemur að ADHD eða öðru þá geta þau orðið landsliðsmenn í handbolta, flottir framkvæmdastjórnar, borgarstjórnar eins og Jón Gnarr eða margfaldir Ólympíumeistarar eins og Michael Phelps. Oft eru þetta hugmyndafrjóir einstaklingar með mikla orku og mér finnst BUGL kannski ekki endilega staðurinn fyrir þá. Ég vil nú ekki umturna skólakerfinu en ég væri til í að framkvæma einhverja viðbót við það sem tengist þessum málefnum og láta þannig gott af mér leiða.



Hvað segir Hreiðar Levý?

Hreiðar Levý Guðmundsson er herbergisfélagi Björgvins á stórmótum. Monitor fékk hann til að segja sér aðeins frá sambúð markmannanna.

Hvað kanntu best að meta við það að deila herbergi með Björgvini Páli?

Það er nú bara aðallega hvað hann er hress og skemmtilegur gaur sem hægt er að spjalla og djóka eitthvað um allt milli alheimsins og jarðar. Svo er hann ákaflega hugmyndaþekkur og spinnast oft hrikalega gáfulegar umræður okkar á milli. Svo er hann duglegur að passa upp á að ég mæti á réttum tíma í morgunmat, það er líka mjög jákvætt.

Hvað fer mest í taugarnar á þér við það að deila herbergi með Björgvini Páli?

Það fer nú satt best að segja ekkert í taugarnar á mér við það. Helst að hann á fleiri vini á Facebook en ég. Hann er reyndar alltaf á geirunum þegar við erum búnir að loka herberginu, það fer samt ekkert í taugarnar á mér. Finnst það bara frekar krúttlegt.

Getur þú nefnt mér eitthvað eftirminnilegt atvik sem hefur komið upp í sambúð ykkar Björgvins?

Það kemur fyrst upp í hugann þegar við vorum í Peking og það var vandamál með rotþróna á klósettinu okkar og fengum við því piss- og kúkalýkt að gjöf frá öllu þorpinu inn á klósettið okkar. Þið getið rétt ímyndað ykkur lyktina frá öllu þessu fæðubótaefnaétandi íþróttafólki sem smitaðist auðvitað líka að einhverju leyti inn í herbergi. Við fengum svo að heyra það hvað við værum ógeðslegir og hvað væri eiginlega að okkur með þessa lykt. Það lagaðist svo eftir fyrsta daginn og var bara rósailmur hjá okkur eftir það.

“Ég vona samt að fólk banki í mig eftir nokkur ár og skipi mér að raka þetta af mér..”



VIÐ ERUM AÐ KYNNA HÁMARK

FJÓRAR LJÚFFENGAR BRAGÐTEGUNDIR

HÁMARK HRAUSTUR LÍKAMI - HEILBRIGÐ SÁL



Vel klæddir landsliðsmenn

Eins og flestir vita er íslenska handboltalandsliðið að keppa á Evrópumótinu í Serbíu þessa dagana. Í tilefni af því fékk **Stíllinn** til sín þrjá töffara úr hópnum til að segja okkur frá fatastílnum sínum, hvar þeir kaupa fötin sín og hver sé best klæddur af „strákunum okkar.“

Kjallari Þess feita

66°Norður

Filippa K.

RÚNAR KÁRASON

Fyrstu sex: 240588.

Félaglið? BHC 06 í Þýskalandi.

Uppeldislið? Ég ólst upp í Fram.

Hvar kaupir þú helst fötin þín?

Ég versla mikið í Kos, Kormáki og Skildi og 66°Norður. Síðan er það bara hitt og þetta, ekkert meira af öðru heldur en hinu. Ég fíla mikið skandinavísku tískuna.

Hver er best klæddur af hópnum? Geiri, Robbi og Snorri eru flottastir.

Ef þú værir dýr, hvaða dýr værir þú? Ég væri tígrisdýr.

L.L. Bean

Geysir

Kjallari Þess feita

Ben Sherman

ÁSGEIR ÖRN HALLGRÍMSSON

Fyrstu sex: 170284.

Félaglið? TSV Hannover Burgdorf í Þýskalandi.

Uppeldislið? Stórveldið Haukar.

Hvar kaupir þú helst fötin þín?

Ég bý erlendis svo ég versla náttúrulega mest erlendis. Þá fíla ég til dæmis Ben Sherman, mér finnst það mjög kúl og á mikið af því. Svo versla ég mikið hjá Þessum feita og svo finnst mér Kos líka mjög töff.

Hver er best klæddur af hópnum?

Mér finnst Rúnar og Róbert best klæddir, án djóks.

Ef þú værir dýr, hvaða dýr værir þú? Ég væri hestur.

Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar

Búið til af Svölu konunni minni

Kjallara Þess feita

Second hand búð í París

Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar

Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar

RÓBERT GUNNARSSON

Fyrstu sex: 220580.

Félagsslið? Rhein-Neckar Löwen í Þýskalandi.

Uppeldislið? Fylkir.

Hvar kaupir þú helst fötin þín? Hérna á Íslandi versla ég gjarnan í Kormáki og Skildi. Svo bý ég náttúrulega erlendis og þar versla ég svolítið á netinu bara, til dæmis í Fred Perry og Kos. Svo versla ég í Second Hand-búðum líka, annars reynir maður að kaupa eitthvað íslenskt líka. Svo bý ég líka mikið til sjálfur.

Nú hefur þú verið að gera boli sjálfur undir nafninu Þessi feiti, getur þú sagt mér aðeins frá því? Fyrir nokkrum árum langaði mig að prófa að gera flotta boli, ég leitaði bara á netinu hvernig þetta væri gert og byrjaði heima í kjallaranum að þrykkja boli. Í dag er ég kominn með verkstæði með einum öðrum. Ég geri allt sjálfur, bý til myndina og þrykki hana á bolina. Svo erum við farin að gera boli, peysur, púða og alls konar textílvörur. Við erum aðallega að gera þetta fyrir okkur sjálf en svo er í bígerð að koma með heimasíðu og þá kemur betur í ljós hvað er í boði. Annars er hægt að nálgast bolina í Circus Circus á Laugaveginum.

Hver er best klæddur af hópnunum? Alveg klárlega Ásgeir Örn, Rúnar og svo er Snorri líka flottur.

Ef þú værir dýr, hvaða dýr værir þú? Ég væri krókódill.

stíllinn

FERILLINN



Mark Wahlberg

Hæð: 173 sentimetrar.
Besta hlutverk: Dirk Diggler í Boogie Nights.
Staðreynd: Hann er með þrjár geirvörtur.
Eitruð tilvitnun: „Ég lýg aldrei. Ég trúi öllu sem ég segi þannig að það getur ekki verið lygi.“

1971 Fæðist þann 5. júní í Boston, Massachusetts.

1984 Er einn af upprunalegu meðlimum strákahljómsveitarinnar New Kids on the Block. Verður háður kókaíni og öðrum fíkniefnum.

1985 Hættir í skóla og fer á götuna þar sem hann svindlar á fólki, stelur og selur eitruð. Hættir í New Kids on the Block.

1987 Situr í fangelsi í 45 daga eftir að hafa verið kærður fyrir tilraun til manndráps vegna þess að hann réðst á mann frá Víetnam.

1991 Stofnar rappsveitina Marky Mark and the Funky Bunch. Lagið Good Vibrations nær toppi Billboard Hot 100 vinsældarlistans.

1992 Gefur út tölvuleikinn Marky Mark and the Funky Bunch: Make My Video sem fékk slæma útreið og var af mörgum talinn einn verstí tölvuleikur allra tíma.

1996 Tilnefndur til MTV-kvikmynda-verðlaunanna fyrir hlutverk sitt í Fear.

2001 Kemur á fót góðgerðarfélaginu Mark Wahlberg Youth Foundation sem ætlað er til að afla fjár fyrir æskulýðsfélög.

2006 Tilnefndur til Golden Globe-verðlaunanna sem og Óskars-verðlaunanna fyrir túlkun sína á varðstjórnum Sean Dignam í kvikmyndinni The Departed.

2009 Giftist fyrir-sætunni Rhea Durham en þau byrjuðu saman árið 2001.

2010 Tilnefndur til Golden Globe-verðlaunanna fyrir hlutverk sitt í The Fighter þar sem hann leikur hnefaleikakappann Micky Ward.

2012 Leikur Chris Faraday í Contraband í leikstjórn Baltasars Kormáks.



FRUMSÝNING HELGARINNAR

Underworld: Awakening

Um helgina verður fjórða Underworld-myndin, Awakening, heimsfrumsýnd. Sem fyrr skartar myndin stórfenglegum tæknibrellum sem fá áhorfendur til að grípa andann á lofti. Breska leikkonan Kate Beckinsale snýr hér aftur flottari en nokkru sinni fyrr í hlutverki hinar mögnuðu Selenu sem hefur leitt baráttu vampíranna fyrir tilverurtti sínum hingað til í fyrri myndum og ávallt haft sigur. Nú þarf hún að horfast í augu við mestu ógnina sem hún og vampírurnar hafa nokkurn tíma haft yfir höfði sér og sinn versta og máttugasta óvin til þessa, manninn.

Árás manna er leidd af vísindamanninum Jacob (Stephen Rea) sem er harðákveðinn í að sýna hvorki vægð né miskunn. Hann hefur svarið þess eidd að linna ekki árássinni fyrr en allar vampírurnar eru dauðar, og býr yfir vopni sem á að tryggja það.

En Selena og þeir sem eru með henni í liði eru heldur engin lömb að leika sér við og búast nú til varnar sem aldrei fyrr, vitandi að sókn er ávallt besta vörnin og eina leiðin til að sigra í þessu stríði er að ráðast beint í greni óvinnarins.

Stríðið á milli vampíranna og manna er því hafið.

Upphaflega stóð til að Len Wiseman myndi leikstýra myndinni en hann leikstýrði fyrstu tveimur Underworld-myndunum. Í nóvember 2010 varð hins vegar ljóst að leikstjórn yrði í höndum hinna sænsku Máns Márlind og Björn Stein.

Leikstjóri: Máns Márlind and Björn Stein.
Aðalhlutverk: Kate Beckinsale, Sandrine Holt, Theo James, Michael Ealy og India Eisley.
Lengd: 88 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð börnum yngri en sextán.
Kvikmyndahús: Smárabíó og Háskólabíó.

Aðrar frumsýningar: Contraband • J. Edgar • The Descendants

FRUMSÝNDAR FÖS. 20. JANÚAR

f VILTU MIÐA? Monitor ætlar að gefa miða á Underworld: Awakening, fylgstu með ... facebook.com/monitorbladi

GoldenEye 007: Reloaded

MMMMM

Tegund: Skotleikur
PEGI merking: 16+
Útgefandi: Activision

Dómar: Gamespot 8 af 10 / IGN 8,5 af 10 / Eurogamer 6 af 10

Bond... Endurvinnslu-Bond

Þegar menn tala um gamla Goldeneye-leikinn sem kom út á Nintendo 64 fyrir ca. 15 árum síðan er eins og þeir séu að tala um gamlan vin. Það er lygnt aftur augum, sælubros á varir og allur þakinn. Allir James Bond-leikir sem gerðir hafa verið síðan hafa allir lent í „Goldeneye-samanburðinum“ og aldrei átt breik.

Til að sjá til sólar í stóra „gerum góðan James Bond-leik“ málinu var ákveðið að endurgera Goldeneye-leikinn og er útkoman Goldeneye Reloaded.

Fyrsta sem var gert til að fríska upp á þetta var að henda Pierce Brosnan út og inn kemur hinn gullfallegi Daniel Craig, en andlit hans og rödd eru í leiknum. Einnig inniheldur leikurinn glænýjan söguþráð sem inn á milli kemur þó með klassískar tilvitnanir í upprunalega leikinn. Sem fyrr þvælist Bond heimshorna á milli og drepur þar eftirminnilega óvini sem ætla sér heimsyfírráð ... ekkert breyst þar.

Söguþráður leiksins er um það bil 10 klukkutímar í spilun og heldur manni vel við efnið. Spilunin er blanda af skotbardögum og atriðum þar sem maður þarf að fara hljóðlega um og ganga frá óvinnunum án þess að nokkur taki eftir því. Þetta gerir spilun leiks-

ins fjölbreyttari og heldur manni kyrrflega við efnið. Ef leikmenn kjósa að spila leikinn að efsta erfiðleikastigi þá verða óvinnir mun erfiðari og auk þess þá bætast við verkefni sem leikmenn þurfa að leysa.

Fyrir utan söguþráðinn er hægt að spila með 15 öðrum í gegnum Netið og er það vel þess virði, enda eru stýringar leiksins þægilegar og borðin í netspiluninni eru vel útfærð. Ofan á þetta bætist að hægt er að spila leikinn fjórir saman á einni tölvu í „splitscreen“ og virkar það fánlega vel, sérstaklega í góðra vina hópi í bland við nokkra kalda.

Goldeneye Reloaded er einhverjannægilegasta ferð mín í endurvinnsluna og klárt að Bond-leikirnir geta lifað góðu lífi. Grafíkin er góð, verkefni fjölbreytt og fjölsþilun leiksins gerir sitt.

Ólafur Þór Jóelsson



KVIKMYND



Ágætis ræma

50/50 fjallar um Adam (Joseph Gordon-Levitt) og vin hans Kyle (Seth Rogen). Adam fær þær fréttir einn daginn að hann er með illkynja æxli nálægt mænnunni. Atburðarásin einblínir því aðallega á baráttu hans við krabbameinið og hvernig fjölskylda hans og vinur hans Kyle, höndla fréttirnar. Fyrir það fyrsta er 50/50 falleg saga en hún er einnig nokkuð myndin.

Hún er vel skrifuð, vel leikstýrð og flestir leikarar standa sig nokkuð vel. Will Reiser skrifaði handritið en myndin er byggð á hans reynslu. Það var góð ákvörðun hjá honum að fara húmorsleiðina. Það hefði verið hægt að gera þessa mynd að þungi dramamynd en það er hún í raun ekki. Vissulega er eitthvað drama til staðar en það er frekar lítið miðað við hvað söguþráðurinn er alvarlegur.

Seth Rogen er ekkert fyndinn

Eftir að Christopher Nolan notaði Joseph Gordon-Levitt í Inception hefur ferill hans rokið upp á við. Hann stendur sig vel og fann ég mikið til með honum enda er hann óttalegt grey alla myndina. Hann á þessa mynd skuldlaust. Mér fannst hann samt ekki sýna neina stórkostlega frammistöðu. Svona hlutverk eru alltaf vinsæld þegar kemur að verðlaunaafhendingum þannig að það kæmi ekkert á óvart ef hann fengi óskarstílnefningu. Seth Rogen fer einnig með stórt hlutverk en ég get lofað því að hann fær ekki óskarstílnefningu. Rogen er gríðarlega takmarkaður leikari og mjög ofmetinn sem grínleikari. Ég hef í rauninni aldrei hlegið almennilega að honum en hann átti engu að síður ágætis spretti. Ég gef honum það. 50/50 er áhrifamikil og hjartnæm saga sem lætur mann hugsa aðeins um lífið. Hún er ekkert tímamótaverk en finasta mynd engu að síður.

Tómas Leifsson



50/50





HUNDURINN UGGIE ÚR THE ARTIST STAL SENUNNI



BRANGELINA MÆTTU SÁTT MEÐ VESKI OG STAF

Gullnir hnettir í Hollywood


Það var mikið um dýrðir og dýr þegar **Golden Globes-verðlaunahátíðin** var haldin síðasta sunnudag í 69. sinn. Þögla myndin, **The Artist**, stal þó senunni og hirti þrjú verðlaun.



JEAN DUJARDIN VAR EKKI HÁS EFTIR TÖKUR Á THE ARTIST



RICKY GERVAIS VAR KYNNIR Í ÞRIÐJA SINN



ÞAÐ HLYTUR AÐ VERA HEIÐUR AÐ FÁ HEIÐURSVERÐLAUN

KATE BECKINSALE

UNDERWORLD

AWAKENING

KATE BECKINSALE ER MÆTT AFTUR FLOTTARI EN NOKKRU SINNI FYRR Í BESTU MYNDINNI Í SERÍUNNI TIL ÞESSA!

HEIMSRUMSÝND 20. JANÚAR

SMÁRA BÍÓ BORGAR BÍÓ EGILSHÖLL

VILTU VINNA MIÐA? **9. HVER VINNUR!**
FJÖLDI AUKAVINNINGA

SENDU SMS SKEYTIÐ **ESL UW4** Á NÚMERIÐ **1900** OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

FULLT AF VINNINGUM:
BÍÓMIÐAR

TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!
VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVI AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

WWW.SENA.IS/UNDERWORLD



Stríðsöxin grafin?

Erkifjendurnir í Party Zone á Rás 2 og Funkþættinum á X-inu 97.7 ætla að snúa bökum saman um helgina og frumflytja árslistana sína á Kaffibarnum. „Með því að blanda þessum árslistakvöldum saman í eina helgi þá held ég að við eigum eftir að fá allsvaðalega helgi sem er nauðsynlegt á þessum dimmstu og verstu tímum ársins.“ segir Don Balli Funk, umsjónarmaður Funkþáttarins. „Það er gaman að gera þetta svona saman en það er ekki þar með sagt að það sé búið að grafa stríðsöxina. Enda er þetta óttalegt þíku-popp sem þeir eru að spila þarna í Party Zone.“

Funk-menn eiga sviðið á föstudeginum en Party Zone sér um stuðið á laugardeginum. Danstónlist er spiluð í báðum þáttunum og fyrir skömmu síðan voru þeir á sama tíma á sitt hvorri rásinni. Helgi Már, umsjónarmaður Party Zone var þó slakur yfir yfirlýsingum Baldurs. „Þegar ég kom í myndatökuna hélt ég að ég væri að fara að hitta Þossa. Var hann ekki einhvern tímann með þennan þátt á X-inu? Þetta er voðalega krúttlegt hjá þeim. Listinn þeirra er bara eins og einn atkvæðaseðill á okkar lista. Þetta er búinn að vera skemmtilegur derringur á milli okkar.“ segir Helgi og bætir við: „Það er gaman að gera þetta svona saman og gera smá festival úr þessu. Það er spurning um að tengja þessi parti saman og hafa bara stanslaus dagskrá.“

Það borgar sig að mæta snemma enda er líklegt að slegist verði um pláss á Kaffibarnum þessi kvöld. Þeir sem mæta snemma fá glaðning hjá styrktaraðila Árslistahelgarinnar. „Pólk fer úr að ofan á Kaffibarnum á miðvikudagskvöldum og er hangandi í ljósa-krönnum og skrífandi upp gluggatjöld svo það má búast við því að eitthvað svakalegt gerist um helgina.“ segir Balli létur í bragði.

fílófaxið

fimmtudag 19 jan. föstudag 20 jan.

KREPPUKVÖLD
Bar 11
21:00 Hjólsmveitimar Náttfari, Heavy Experience og PORQU-ESÍ halda tónleika á Bar 11. Alvörurókk hér á ferð og fritt inn.

JANIS JOPLIN TRIBUTE-TÓNLEIKAR
Gaukur á stöng
22:00 Söngkonan og nýjasta kærasta Fjölínis Þorgeirs, Bryndís Ásmunds, heldur „tribute-tónleika“ til heiðurs Janis Joplin. Útvarpskonan Andrea Jóns les upp fróðleiksmola um ævi rokkgyðunnar frá kl. 21:00 en tónleikarnir hefjast klukkustund síðar. Aðgangseyrir er 1.500 kr.

SÓLEY Á GOGYOYOKO WIRELESS
Kex Hostel
22:00 Tónleikaröðin Gogoyoko Wireless heldur göngu sinni áfram en í þetta sinn á Kex Hostel. Söngkonan Sóley hefur fengið afar góð viðbrögð við sinni fyrstu breiðskífu, We Sink, sem kom út um mitt ár í fyrra. Miðinn kostar 1.500 kr.



SYKUR
Bar 11
21:00 Rafstuðsveitin Sykur treður upp á Bar 11 en tónleikarnir eru hluti af vetrartónleikaröð staðarins. Heitasta lag hljómsveitarinnar um þessar mundir, Reykjavík, hefur hlotið góða spílun að undanförmu og er því þjóðráð að skella sér á hljómlíkana til að dilla sér allræðilega. Fritt inn.



laugardag 21 jan.

FJALLABRÆÐUR OG GESTIR
Hof
20:00 Karlakórinn Fjallabædur fær Akureyrarbæ að öllum líkindum til að nötra með kraftmiklum söng á laugardagskvöldið. Með kórnum syngja gestasöngvararnir Sverrir Bergmann og Jónas Sig. Miðaverð er 3.500 kr.

TURIN BRAKES ÁSAMT LAY LOW
Faktörý
23:00 Breska hljómsveitin Turin Brakes heldur tónleika hérlendis þar sem búist er við að hún leiki nýtt efni í bland við gamalt. Lay Low treður einnig upp. Miðaverð er 2.500 kr. en vakinn er athygli á að engin forsale fer fram heldur verða miðar seldir frá kl. 22:00 við hurð.

LOKAPRÓFIÐ

19. janúar 2012 | skólinn

Ég heiti Kristmundur Axel. Ef ég væri ekki Kristmundur Axel myndi ég helst vilja vera

Þú veist hver ég er af því að ég er svo netur
neiðist, ég vinna i netto

Lagið Komdu til baka er tileinkað
a) vini mínum
b) afa mínum
c) föður mínum
d) hestinum mínum
e) hundinum mínum
en hann var Alrakessi

Virkur Alrakessi þegar hann heyrði lagið í fyrsta skipti.

Kristmundur Axel kynnir
a) nýja tíma, nýja kynslóð, nýja „flowið“, nýtt upphaf og nýja tónlist.
b) gamla tíma, gamlar rimur og þrekvaðnar nunnur.
c) nýjar vörur í Hagkaup.
d) notaða bíla hjá Heklu.
e) Nýja þarvæðing frá Vera-món.

Besti samstarfsfélaginn í tónlistinni er
a) Júlí Heiðar
b) Elín Lovísa
c) Daniel Alvin
d) Aron Taktur
e) _____

sérstaklega þegar við gerðum saman lagið VALA GRAND

Ég væri tilbúinn að vinna
Súravíðjan

til að sannfæra Nóa Sírius um að setja blátt Opal aftur á markaðinn.

Það skýrtna við að taka þátt í undankeppni Eyróvisjón er að
a) vera með einhverjum gaurum sem ég þekki lítið um
b) að syngja texta sem er ekki eftir mig sjálfan heldur Ingó.
c) þurfa að æfa dansrútinu og vera með platgítar á sviðinu.
d) vara 7 þröngum
gulum hahna

Eiginhandarritunin mín lítur svona út:

a) Mundi vondi, fatahönnuður
b) Jón Axel Ólafsson, útvarps-góðsögn
c) Óskar Axel, rappari
d) Axl Rose, söngvari Guns 'n' Roses
e) Chris Brown

af því að þá hvar hana netur

Í framtíðinni ætla ég að
a) vinna Grammy-verðlaun.
b) gefa út lag sem kemst á Billboard-listann í Bandaríkjunum.
c) bjóða mig fram til forseta.
d) vera jafn svalur og ég er í dag.
e) vinna lotto og

Ég er heitari en Kveikari en svo er ég aftur á móti kaldari en JS

MC Kriss er fulltrúi („representar“)
a) MK
b) Hins hússins
c) Borgarholtsskóla
d) Kattholts
e) lögreglunnar
og ég stend og fell með því þegar ég segi að Borgó Förðar á Verzlunarskólann.

Síðasta sms sem ég fékk var frá Mömmu minni og í því stóð: Ég elska þig!

Í kvikmynd um ævi mína myndi ég vilja fá Matt Damon til að leika mig en líklega yrði það samt Jay Leno

Ef ég mætti gera Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa Ást og Virðing á Alla

Síðast en ekki síst

» Greta Salóme Stefánsdóttir, fiðluleikari og söngkona, fílar:

Kvikmynd: Sú kvikmynd sem situr hvað mest í mér er Passion of the Christ sem Mel Gibson gerði um árið. Alveg ótrúlega vel gerð mynd sem snertir við flestum held ég. Önnur í upphaldi er V for Vendetta en annars horfi ég voða lítið á bíómyndir og þarf yfirleitt að klára þær í skömmtum.

Þáttur: Big Bang Theory og Modern Family! Það er eitthvað svo ótrúlega fyndið við þessa þætti og það besta er að þeir eru bara 20 mín. Þannig að ég hef yfirleitt þolinmæði í að horfa á heilan þátt án þess að stoppa.

Bók: Babettes gestebud hefur verið í upphaldi hjá mér frá því að ég las hana í MR. Svo las ég bókina „Ég man þig“ eftir Yrsu síðasta sumar og þetta er eina bókinn sem hefur gert mig myrkfælna um hábjartan júní. Hún var alveg mögnuð!

Plata: Ekki spurning, Sam's Town sem The Killers gáfu út 2006. Meistaraverk!

Vefsíða: Ætli það sé ekki www.ruv.is/songvakeppni þessa dagana.

Staður: Laugarvatn! Ég eyddi öllum sumrum mínum í bústaðnum okkar á Laugarvatni sem krakki og á mínar bestu minningar þaðan. Ef mig vantar að kúpla mig út úr annríkinu þá fer ég þangað og hleð batteríin og er einmitt á leiðinni í eina slíka ferð næstu helgi.



HVAÐ KALLAR MAÐUR SAMBAND TVEGGJA HOMMA?
- MEN UNITED

Mun minn tími koma?

Það er hverjum manni hollt að eiga sér fyrirmyndir, fólk sem hver og einn miðar að því að líkjast að einhverju leyti, hvort sem það lýtur að hegðun eða afrekum. Stundum öðlast fyrirmyndir meira að segja meira gildi og verða að svokölluðum átrúnaðargoðum. Undirritaður hefur átt sér átrúnaðargoð frá æsku, til dæmis innan tónlistar og fótbolta.

Síðan í æsku hafa átrúnaðargoð mín átt eitt og annað sameiginlegt. Ekki einungis leit ég upp til þeirra hvað varðar hæfileika þeirra og stöðu heldur voru þau líka öll eldri en ég. Ryan Giggs hefur strangt til tekið aldur til að vera pabbi minn. Það er því ógnvænleg uppgötvun að átta sig allt í einu á því að einstaklingar sem nú hafa tekið við stöðum átrúnaðargoða manns eru skyndilega orðnir jafnaldrar manns eða manni yngri. Sú staðreynd fær mann nánast til að falla í skammtímaþunglyndi yfir vanmætti sínum á þessari jarðarkringlu. Ég ætlaði alltaf að verða atvinnumaður í fótbolta hjá Manchester United, hvað fór úrskeiðis?

Til að útskýra nánar vísa ég til atburðarásar sem ég upplifði fyrir skömmu. Ég sat með vinum mínum og horfði á Manchester United-leik. Þar komst Phil Jones nokkur á blað yfir markaskorara, gæi sem hefði getað verið á yngra ári á meðan ég var á eldri ári þegar ég æfði fótbolta. Því næst fór ég í bíó og sá þar Kristen Stewart í Twilight* en ég hefði þess vegna getað verið með henni í leikskóla. Á

/// Ég ætlaði alltaf að verða atvinnumaður í fótbolta hjá Manchester United, hvað fór úrskeiðis?

leiðinni heim kveikti ég á útvarpinu í bílnum og þá fékk ég einfaldlega nóg. Strákur sem ég hefði getað tekið þátt í að busa í menntaskóla, Justin Bieber, söng í sífellu: „Smábarn, smábarn, smábarn, ó!“ (e. baby, baby, baby) líkt og til þess að hæðast að því hve miklu yngri hann er en ég en er þrátt fyrir það skærasta poppstjarna heims.

Ef til vill hljómar þetta biturlega og uppfyllt af öfundsyki en það er óneitanlega skrítið að geta ekki farið í bíó, horft á fótboltaleik eða hlustað á útvarp án þess að fá þessa staðreynd beint á lúðurinn. Ég er núll og nix miðað við þessa jafnaldra mína og ég sem hélt að gelguskeiðið ætti að vera viðkvæmt aldursstig.

Ef lesendur Monitor eru í svipuðum hugleiðingum og ég langar mig að koma því að að líklega er best að tækla þessa lífsins krísu með jákvæðnina að vopni. Þangað til að komið verður að okkur að slá í gegn eða skara fram úr verðum við að hughreysta okkur við myndlíkingu. Við erum

einfaldlega blóm sem blómstrum seinna en önnur blóm, en þegar það loks gerist verður það þeim mun meira sjónarspil. Okkar tími mun koma. Já, við getum.

*Þessi hluti pistilsins var uppspuni. Ég myndi aldrei horfa á Twilight**.

**þ.e.a.s. í bíó.

ORÐ Í BELG

Einar Lövdahl Gunnlaugsson
einar@monitor.is



Áfram Ísland!

Handboltaveisla í Vodafone Sjónvarpi

Horfðu á enn fleiri EM leiki á stöð 97 og í háskerpu á stöð 96 í Vodafone Sjónvarpi. Allt í opinni dagskrá!

Kynntu þér málið á vodafone.is

Þín ánægja er okkar markmið

vodafone.is





2.990 /MÁN
ENGIN BINDING!

Reebok
FITNESS
Holtagarðar

reebokfitness.is